

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Norðurlandi vestra, 4. febrúar 2021

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði eftir umsögn SSNV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja) með tölvupósti dags. 22. janúar 2021.

Á 28. árs- og 4. haustþingi SSNV var eftirfarandi ályktun samþykkt:

28. árs- og 4. haustþing SSNV haldið í fjarfundi 23. október hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að falla frá framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn á grásleppu o.fl).

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustrar atvinnu og byggðar í landinu. Hlutdeildarsetning á grásleppu mun frá fyrsta degi leiða til gríðarlegrar samþjöppunar á aflaheimildum og takmarka mjög til frambúðar nýliðun innan smábátaútgerðar. Sérstaða grásleppu umfram aðra nytjastofna er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi áhrif hennar eru á viðgang einstakra byggðarlaga. Alþingi hefur sett fram markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðapróun um land allt og því er mikilvægt að koma í veg fyrir að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða vinni beinlínis gegn settum markmiðum í byggðamálum.

Í samræmi við ofangreint er því lagst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að gera umsagnir um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúna til samtals við atvinnuveganefnd Alþingis um málið ef þess er óskað.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.